

Heimskringla.

IX. ÁR.

WINNIPEG, MAN., 5. JANÚAR 1895.

NR. 1.

WINNIPEG Business College.

Verið víðbúin að nota ykkur kveldskólann, sem haldinn verður í sambandi við Winnipeg Business College og Shorthand-skólann, 482 Main Str. Þar verður kennt, þeim sem vilja ensku-lesur, réttitritun, málfræði, reikningur og skript. — Skólinn byrjar snemma í Nöbember.

Víðvikið kennaskilumálum nútíðarinnar.

C. A. Fleming & Co.

Til Nýárs-sólarinnar.

Þú miltu nýárs morgun! Þú miltu ársins hjálpu og skjól. Þú veist um allt sem vantar yll. Þú veist um allt sem finnur til.

Þú sendir glóðjart geisla. Á gröf, sem hylur látna vin. Og upp um klakans kolla-háls Þú kærleiks-arma leggur frjáls.

Og hreystu og vermuð hvern þann rann. Sem ljúminum og ljósi ann. Og loðu varma löfann þinn. Á litla skýlið, — kofann minn.

KR. STEFÁNSSON.

FRÉTTIR.

„Lofar“ vísingingur verður hóf á sumri í Bordeaux á Frakklandi. Verða þar sýndir alla konar drykkir afengir og ekki afengir.

Umboðsmaður Bandaríkjaþjórnar, er sendur var til Þýskalands til að rannsaka ástandar fyrir þannu sinn á flytja þangað lifandi nauð, eða nauðkjót frá Bandaríkjunum, segir eflaust að gipirinn hafi verið sjúk og að banni verði ekki upphæfð nema Bandaríkjaþjórn kosi þýska dryllirinn í hafstöðunum, til að rannsaka gripina og ketið. Sama banni er nú á komið á 4. Dæmis- og 4. Hóllandi.

Eltsmót í Rauter? Post-Intelligencer prentföll í Seattle sendi fyrir skómunu 6 menn til uppgöngu á Rauter-fjallið, til að rannsaka breytingar sem á því eru ogðnar. Á jóladaginn sendu fjallgöngumenn þessir dýfu með bréf til blaðsins. Sögðust þeir þá vera komnir miðja vögu upp á fjallið og hefðu oft áð bæði reykt og gústólpa standa í loft upp á fjallið.

Það eru flestir, en þó ekki allir, eindregin fylgismenn málsins um að safna minningargjöf með almennum samstömun handa ekkja og börnum Sir John Thompsons. Einn stæstar ástundir andvígismálar fyrirtekisins er franskur maður í Montreal, sem meðal annars finnur Sir John það til vanvirðu, að hann hafi svipt kapólska menn bæði tungumáli og trú í (Manitoba).

Leitaferð eftir Kyrrahafsjárnbraut Rúsna var hafin söstundaginn síðasta (21. Des.) Austurdráttur hennar er fullgerður og leitaferð á 235 mílna svði vestur um landið frá Vladivostok við Kyrrahafið og verður á stúfur notaður framvegis.

Ping Japanita var sett í Tokio á föngdagad jóla og gekk ávarp keisara einkum út á að stæra sig á sigurvinningunum í Kína. Eftir því sem fram kemur á þinginu síðan, er fjöldi þingmanna andvígur öllum friðarsamningnum, vilja að minnsta kosti sjá Peking falla áður en talað er um frið.

Tíðin var tiltölulega miklu vetrarlegri í Suður-Bandaríkjunum á milli jóla og nýárs, heldur en hér nýrðra. Hér var milt veður og stillingar, en syðra ofsaðverður með snjóburði og frosti. Föll þá snjó frá 4 til 12 þumla djúpur í suðurrikkjunum hvervetna, allt að takmörkun Louisiana-rikis. Á Florida-skaga féll ekki snjó, en þar kom frost svo mikið, að eyðilögust aldin og á vestri alla konar og er tjón það metið í þeirri millj. dollara virði. Er svo sagt að í Florida hafi ekki komið jafn kalt veður síðan 1835. Kuldaástæði hleð 3 dagar, til gamlárslags.

Fundur til að ræða um friðarsamninga milli Japanita og Kínverja verður settur í Hiroshima í Japan 10.—12. p. m. Mæta þar erindrar og fulltrúar Kínverja, sem nú eru á ferðinni þangað.

ad. Er nú sagt að Japanitar muni heimta að tafarlaust verða tekið til starfa, en þá verða Kínverjar ekki til bóla. Því fyrir þáum dögum síðan sendu þeir skýrt til Washington og beiðdu John W. Foster, fyrrverandi utankristjóra Bandaríkja (í ráðuneyti Harrison) að koma austur tafarlaust og gerast ráðgjafi Kínverja á sáttum. Foster brá strax við og siglir með C. P. R. skipi frá Vancouver, E. C. 6. p. m. Er hann því vantanlegur til Yokohama í fyrsta-lagi 19. p. m. og þaðan verður hann 2 sólarhringa á ferðinni til Hiroshima. Eftir nú verandi ófriði í Japan er óttast að öll von um frið í bráð verði ótti, er Foster kemur austur, af því Japanitar muni neita að fresta fundi langur.

Útför Sir John Thompsons fór fram í Halifax 3. p. m. í víðurvist líklega meiri mannfjöldi, en nokkru sinni hefur áður saman komið í Halifax. Híð mikla herskip Blenheim, er flutti líkið yfir hafid, hafnaði sig á nýársdag um hádegis þoku og stórringur. Líkið var strax flutt í þinghús fylkisstjórnarinnar og stóð þar uppi til þess þad var flutt í kapólsku dómkirkjuna að morgni þess 3.

Á fyrsta helmingi yfirstandandi fjárhagsárs urðu tekjur Bandaríkjaþjórnar 294 millj. doll. minni en gjöldin á sama tímabili. Gull í fjárháttunum á kveldi þess 29. Des. var alls 893 millj. doll., eða \$18 millj. minna en lógin heimta.

Hótel brann í Albany, N. Y., á gamlárslag og fórust 13 menn í eldinum. Eignatjón um \$250,000.

Stjórnarformaður Mackenzie Bowell var á nýársdag sendur heidursnafnbótinni Sir.—ríðari Mikael og Georgs orðunnar.

Eftir nýkomnum fregnum að dæma, til félags í Boston hafa um 15,000 Armeníu-menn fallið fyrir morðvopnum Tyrkja í haust og vetur og yfir 30 þorp lögð í rústir.

Lexow's-nefndin svo kallaða, sem svo lengi og hefur unnið að landheirson í pólitískum skilningi í New York, eftir formennsku Dr. Ch. H. Parkhurst, er nú á kofna, og sára Parkhurst orðinn andvígismáður hennar. Ástæðan er sögð sú, að borgarstjórnin nýkosi, W. R. Strong, er Parkhurst barðist mest fyrir, vill að sögu hlífa lögreglustjórnunum o. fl., sem fremst eiga að hafa gengið í að fótum troða lög og rétt.

Í Nýfundlandi er allt á trefótum sem stendur í uppnámi. Formenn eins bankafélagsins, er varð gjaldþrota, um daginn, hafa verið teknir fastir, kírdir fyrir að hafa gefið út falsaðar skýrslur um ástand bankans. Á meðal þeirra er fyrrverandi stjórnarformaður Goodridge. Öllu þessu er blandad inn í pólitískar deilur á þinginu og í deilum út af því 2. p. m. gekk stjórnarflokkurinn svo langt, að neita andvígismánum um sínum um orðið. Blóðin á Englandi mæla með að rýjan gangi í fylkingasamband Canada, segja að hún standist ekki annars.

Sá fregn er kominn frá Londunum, að dominica-ráðuneytið hafi vald til að ljá kapólsku í Manitoba lög sem undtrokuðum minnihluta. Sé það rétt, virðist skólamálið vera komið í sitt upprunalega hof. Þ. e., að öll baráttan sé fyrir hendu aftur. Edw. Blake og John S. Ewart fluttu þetta mál fyrir leyndarráði Breta.

Þessa dagana verður byrjað að móta 22 millj. doll. virði af óleugn gulli sem Bandaríkjaþjórn á geymt í peningamótunarsínum í Philadelphia. Verður mótn gullsins haldið áfram þangað til þessar 22 millj. eru uppgengnar.

VEIT

HAUST VERÐLAUN Á HEIMSKRINGUNNI

DR. PRICE'S CREAM BAKING POWDER

Óblönduð vinberja Cream of Tartar Powder. Ekkert álín, ammonía eða önnur óholl efni.

Eldsvoði á Seyðisfirði.

Rétt eftir hádegis og langardaginn 24. Nöbember síðastl. kom upp eldur í afhúsi aftur af Gránufélagshúsinu í Vestdalseyri, og eftir 2-3 klukkustundir voru öll Gránufélagshúsin brunnin til kaldra kola og varð lítil sem engu bjargað af vörum. Er skaðinn metinn um 150,000 krónur, en mikið af eignum var sagt í eldsbyrgð. Er þetta ófáð langstærsti húsbrennur á Íslandi.

Í bréfi til herra Odds Jónssonar, hér í bænum, er þannig sagt frá eldinum: „Eldinn byrjaði í „pakk-kamari“ og orsakast þannig, að einu af þjónum kveikti á eldspitu og kastaði henni á gólfid, en gekk svo út. Áð vörmu spori heyrðist brestur, og er hann víðir ganga inn aftur til að vita um ástandur, gaus logi í andlit honum, er hann opnaði hurðina. Það hafði kviknað í olutunna, er þar var inni, og þá ekki að tali um að slökva eldinn. Eftir 5 mínútur stóð húsið í björtu bali og brunnu síðan öll „pakkhúsin“ og önnur úthýsi, og varð lítil sem engu bjargað. Með herkjum-varð vertshúsið varð fyrir bruna, en þó skemdist það svo, að enginn mun vilja gefa meir en 500 krónur fyrir það eins og það stendur. „Faktorina“ misti næstum alla innanhúsumun, er voru ekki í eldsbyrgð, og stendur því uppi að heima má eignalaus. Verðunarpjónarnir mistu að sögn til sín fót o. fl.“

Íslands-fréttir.

Eftir STEFNI.

Fyrirlestur um Ameríku hélt Jónas Jónsson (Siglavalur-Jónas) hér á Akureyri 7. p. m. Hann dvaldi í Ameríku í 9 ár, lengst af í Dakota, og kom hingað fyrir rúmi ári síðan. Lýsti hann högun og lífnaðarhættum Íslendinga í Dakota og sagði kosti og lesti á Ameríku, sem eru bæði margir og stórir eftir hans áliti. Varð ekki annað heyrnt en að frásögn hans væri mjög hlutdrægislaus og sönn, enda er Jónas sanndorður maður og vel greindur.

Í hinu danska blaði „National Tidende“ síð 17. September s. l. svólátið grein:

„Eitruðar rjúpur. Frá Rík er oss skrifad, að hið nýfundala alþingi hafi samþykkt lög, sem veiti íal bæmdum leyti til að eitra rjúpur fyrir tóur, en jafnframt er þeim gert að skyldu að styfa helming af hagra veng hinna eitruðu rjúpu. Varðar það 20—200 króna sekt ef útaf er brugðið.—Það leidir af sjálfa sér, að menn hafa alls enga trygging fyrir því, að þessum reglugerð verði fylgt og þess vegna á minnsti almenningur um, að kaupna ekki íslenskar rjúpur. Eitruð, sem brúkað er, er strychnín (refakókur).“

Ad líkindum er nú fyrir aðgerðir þingins algjörlega eyðilögð öll rjúpa sála Íslendinga til útlanda. Nokkrar þúsundir króna er borgandi fyrir þann greiða þó lítil sé!

EFTIR ÍSL. BLÓÐUM.

Í Stefni er þess getið, að Eyfirðingar og Þingeyingar hafi ætlað að halda fund á Akureyri 24. Növ. síðastl. til að ræða um gufuskipti og Eyjafirði og fyrir norðurlandi. Forögöngumenn málsins eru þeir Klemens Jónsson sýslum, og Eggert Laxdal.

Hetjulegt kvæði um „auðvaldið“ í Ameríku er í Stefni 9. Növ., eftir Pál Jónsson.

Í Anstra er þess getið, að Otto Wathne sé í undirbúningi með að byrja á stórkaupaverðun við Seyðisfirði. Auglýsir hann í blaðinu, að hann verði tilbúinn að byrja 1. Apr. næst, ef is hindrar ekki skipagöngu, og að hann vill sér að láta litla gufuskipti flytja vörurnar til viðskiftamanna sína, milli Langanes og Hornsfjarðar og taka frá þeim innlendu vörum og flytja til Seyðisfjarðar. Er hann að sögn tilbúinn að láta strandskipið fara allt á Akureyri, er kaupmenn svo langt að vilja þanta vörur hjá honum. Þetta mun vera fyrsta tilraun til stórkaupstofnunar á Íslandi.

Erfiðast er auglýst í Atasta: 2909 kr. 91 eyrir, í sparissjóði í Khófa. Eigandi fjáris var Ólafur nokkur Tómasson, fyrrum í þjónustu hinar konunglugu grænlenksu verðlunar. Nú er Ólafur þessi sagður dauður, og því skorad á erfingja hans að gefa sig fram. Skatli Jónssonar ritist, á Seyðisfirði gefur nauðynlegu upplýsingar.

Síðveitið segir Anstri að hafi verið góð á Suðurfirðum í haust. — Tíðgöð og hlý 10. Növ., en rigningsom mjög fyrstu daga mánaðarins.

FRÁ LÖNDUM.

BARDAL, P. O. MAN., 22. DES. 1894.

Er hefi verið að draga að senda blaði þínu fréttir hédan að vestan fyrr en ég geti sagt af hið ljósta um gjörvald það er nýlendu þessa snertir.

Er hefi nú heimsótt nærri alla böndur bygdar þessarar og veit því gjör um hag manna hér en áður.

Heita má að mönnum líði hér vel og sjálfsagt eins vel og hvar annarstaðar í fylki þessu, auðvitað kemur harðerid hér við eins og annarstaðar.

Hvað nýlendu þessa snertir þá álit ég hana eins gott land eins og víðast þar sem ég hefi séð í Manitoba, og „Territorium“ hefi ég ekki ert land enn séð æskilegra að undan, tekinni Qu'appelle-nýlendunni. Mér er þó sagt að hér fyrir vestan takmörk Manitoba séu betri lönd, en það hefi ég ekki enn séð. En alla leið frá Manitoba vestur fyrir Alameda og jafnvel vestur að kolanámunum er engu betra land en hér. En austan, yert við Moose Mountains kvad vera fall-eggt land sem er opið enn Það svæði er mitt á milliun brauta, og þessi nýja aukabraut frá Glenboro hlýtur að fara þar í gegn.

Hér er aðallega einn stór ókostur, það er: eldivaraleysi. Hédan um 25 mílar burtu er hægt að fá smáhris og lænst spreka-rusl og samalt afkvisti, en aðal-skógur er yfir 50 mílar hédan, það er Moose Mountain, þar er góður skógur fyrir alla. Það er því hagræði fyrir landmæna, sem settust að fyrir vestan fylkis takmörkin og þessa vestar sem þeir settust að þess nær væru þeir skógi.

Vatn má heita að sé hér allstaðar, en þó eru dæmi til að það hefir brugðist, leikir reuna hér til og frá um landið, og eru þeir stórt hagræði á sumrin sérstaklega, það eru í þeim tjarnir með uppsprettum í og er því vatnið í hekjum þessum alltaf ferskt og lifandi, og engin hættia á að vatnið eldni og verði pestnemt.

Hér er jörð víða nokkuð grýtt, sumstaðar hruðleða, en meiri partur af löndum er þó brúklétt fyrir það. Þau lönd, sem Íslendingar hafa tekið hér, mega heita fremur góð. Gripaland er hér gott, hagar hinir bæztu og heyskapur töluverður. Sumstaðar hagar svo til að eru jarnbrautarlög sem eru svo grýtt, að naumast verða keypt, en góður heyskapur á þeim; eru þau stórt hagræði að búa nálegi þeim sökum heyskapar og beitar. Það er rétt eins og að búa í grennd við vasa á góðri stjörnu. Þeir sem þekja það, skilja þessa dæmisögu. Til ákurlu er þetta land í góðu meðallagi, gamlir og reyndir böndur hér í kring segja að jörðin sé fremur endinargóð, en víða er hún fremur létt og of þurr. En hér er viss uppskera þegar rignir vel, því þessi sandkanna möl er svo fljót að þorna, og því vatnsfrækt. Það væri gott að hafa stjörnu sem kemni hafi á fót hepplegum vatnsveitingum. En til þess þyrftum ver agent sem væri reglulegur stjórnar, seppi og hefði alla ástundun á að „setla“ landa. Átti það gerði nokkuð þó hann væri bæði heimskur og hégómagjarn?

Í nýlendunni eru 18 böndur (land-eigendur), fólkskalan samtals 66. Gripalægnin er þessi: Naut 161, kindur 16, hestar 12, svín 6, hænur 216, Ekrur plægðar um 220. — Verkfæri: vagnar 12, sáðar 3, plögur 20, herfi 3, gjallbindari 1, elatuvélar 4, hrlur 4, sáðvél 1, Þoggy 2. Þess má geta, að hr. Kristján J. Bárdal á 5 af hestunum 17 naut og allt sem nauðynleg er af jarþrýðingverkfærum. Hann kom fyrir hállu öðru ári úr Argyle, er hann kom til þessu löndu og koma upp miklum byggingum. Hann fékk það sem rak mig úr Nýja Íslandi var, það þá naut þá besta hér umhverfis og svo þaðan af minna allt niður í bush af ekrunni. Kr. B. unir vel hag sínum og saknar lít að vera farinn frá Argyle.

Landar hér eru flestir á góðum vega í efnalegu tiliti. Hér kom hroðalegur sléttueldur í haust sem gerði víða skaða, brendi hér manna og kofa. Landi vor Fríðrik Abrahamson varð fyrir verustum skaða af þeim sem ég heyrði af. Hann misti fjós, allt sitt hey og þrjá nautgripi og er hann fátækur barnamaður. Líka misti Ásmundur Guðjónsson kofa sinn er hann hafði búið í, allt heyr sitt fót og feira dót, og dálitla peninga. Hann er einhlypur maður.

Fríðrik hefir verið gefið talsvert upp í skáðinn Jóhann Jóhannsson gaf honum kú.

Hér var haldin almenn skemtisamkoma í haust; stofnaði hr. Ásmundur Guðjónsson aðallega til hennar og bauð svo allri nýlendunni; til bóðsinn kom fleiri parturinn. Samkoman var hin myndarlegasta, veitingar góðar, og félins. Skemtanir töluverðar, dans náttúrulega, eins og allstaðar, og svo sitt af

Ekkert er eftirtektaverdara

..... en hið lág verð á.....

YFIRHOFNUM

Karlmannna, Drengja, Unglinga og Barnafötum, Ullar-nærfötum, Yfirskyrtum, Vettingum, Glófum, Moccasins o. s. frv. — Alt verður selt án tillits til verðs í

WALSH'S Clothing House.

Vér höfum uglega fengið mikið af karlmannna og drengja yfirhofnum sem verða seldar fyrir ótrúlega litid. Það þarf ekki stóra peninga-upphæfð til að kaupa sér heilmikið af fatnaði frá því í dag og út næsta viku í WALSH'S CLOTHING HOUSE. — Einnig höfum vér ný karlmannaföt úr finu svörtu Worsted og skogu vadmáli, og verðið á öllum þessum varningi er óheyrilega lágt. Þetta ár höfum vér meira og margbreyttara upplag af drengja og barnafötum en nokkrusinni áður.

YFIRHAFNIR!

Góðar yfirhafnir verða um tíma seklar fyrir \$3.75. Afshtar vettur yfirhafnir úr Frisco og Nap, með krana og belt og fagraðar með besta föðri verða seklar á \$7.50.

WALSH'S Clothing House.

T. M. WALSH.

515 og 517 Main Str.

gegnst City Hall.

hverja. — Og áreiðanlega fór fólkið heim í góðu skapi eftir góða skemtun. Ásmundi var rökilega þakkað fyrir sitt stórmannlega veglyndi.

Tíðarfarid hefir verið hið besta allt til þessa, og í fyrradag var Íslensk hláka og sólbáð.

Hveitiverið er lágt og heldur hörd kjör hveiti-bændanna. Hart gengið eftir skuldum o. s. frv.

Ad bora þessa nýlendu ástnan við Nýja Ísland; það er lágt að segja hver myndi taka þrissinn, því það sem önnur hefir ekki, það hefir hin. Í Nýja Íslandi er eldivíður og fiskur; stærstu kostir; hér er landið í verði, gott gripaland, hveitiland, góður markaður fyrir landið, þó skógurinn væri ruddur, að mestu leyti öðrúandi fyrir hveitirekt. Og svo helv. flugarnar. Stærsti kosturinn hér er þó ótalinn enn, en það er að hér er enginn „guðsjalla-gaukur“ til að spilla friði og eitra félagslífið og trylla fáfróða trúar-aumingja.

Hér virðist að menn ekki séu allir sáttir með nafu það, sem hr. A. Guðjónsson gaf nýlendu þessari í sumar í Lögbl., hann nefndi hana „Laufás-nýlendu“. Datt mér því í hug að stinga upp á nafni, sem menn geta svo skrafað um og samþykkt eða neitað eða gefið annað, og mun ég þá skýra frá því nafni næsta sinn sem ég skrifa, sem samþykkt verður, hvort heldur það verður þetta eða annað. Nafnið er „Breiðablik“; ég hildi ekki um að mæla með því að þessu sinni.

Er vona að fólkið skili það, að af því ég er hér, þá er ég ekki lengur í Nýja Íslandi; og hlýtt ég því að hafa farið það inn til að komast hingað. Og það sem rak mig úr Nýja Íslandi var, að mig langaði til að eignast land, sem væri einhvers virði, því í Nýja Íslandi eru þau einkis virði nema til að gjalda af þeim. Ad öðru undi ég vel hag mínum þar eftir vonum. Og ég álit að það sem náttúran hefir að bjóða í Nýja Íslandi sé vel lífvænlegt. Og hér kann ég ver við mig, mér breður svo við skógana—Þar höfðu þeir hitann úr.

Er hið alla þá, sem báðu mig og koma minna að skrifa sér lýsingu af þessari nýlendu, að gera svo vel og lesa þessa fréttagrein; það er samvirkusamleg, hlutdrægislaus lýsing, eins rétt og ég get mögulega fengið hana. En ranghermi ég nokkuð sem nokkru varðar, þá er mér þókk á að hver sem réttara kann frá að segja, leiðrétti mig vinsamlega.

S. B. BENEDICTSSON.

Lífið var þungbært.

MERKILEG SAGA SJUKKLINGS EINS.

Afleiðingar af influensa urðu að lungnabólgu og langvarandi barkabólgu.

Eftir fjögura ára þjáningar náði hann þó heilsu aftur; þótt mjög undarlegt væri.

Tekid eftir „Le Monde.“ Montreal.

Mrs. Sarah Cloutier, sem býr að Nr. 405 Montcalm Str., Montreal, hefir þá sögu að segja, sem vert er að gera almenningi kunnna, þeim til gagns, sem á þurfa að halda. Þengad til fyrir fjórum árum hafði Mrs. Cloutier verið heilsu-hraust, en um það leyti fékk hún hina alreimdu veikni, influensa, og síðan hefir hún á hverja hausti, þrátt fyrir hina mestu varasemi, fengið ákafa lungnabólgu svo hún hefir oft verið kominn í dauðana, og að síðustu fór að bera á ákafri barkabólgu, lungnapipurnar urðu svo stíflaðar, að hún náði naumast andanum, og ef kælu lagði til hennar, fékk hún ávalt almennan hósta. Mrs. Cloutier sagði við fregnirinnar: „Ég hafði stóðugt hrygla í hálsinu, og eins og ég var á mig kominn hefir dauðinn verið mér velkominn gestur.“ Ég gat ekki sitt neinu, hvorki heimilisverkun né öðru, og ef ég hefði ekki haft frendkoma mína til hjálpar, veit ég ekki hvað um mig hefði orðið. Öll þau meðal er ég reyndi eftir ráðleggingum ýmsra lækna, komu mér að engu haldi, og þegar ég reikna saman hvað þau kostuðu, þá get ég ekki annað en ítrast eftir að hafa brúkað þau. Ég hafði oft lesið um, að Dr. Williams Pink Pills hefðu reynst mjög vel, og ég höttist viss um að það væri þátt hún hefði brúkað þær, og leknast af þeim, eftir því sem blóðin söguð. Ég afroð því að reyna Pink Pills, og engir nema þeir sem vissu hvernig ég var farin áður en ég fór til þessa, geta gert sér hugmynd um, hve góðar afleiðingar þær hafa haft. Ég brúkaði þær þangað til mér var alveg batnað, og því til sönnunar að þær leknadu mig, get ég sagt það, að fyrst þegar ég fór út eftir leguna, gekk ég tveir mílar vegar upp á móti, án þess að þreytast eða verða öðrugt um andar-drátt, og síðan hefi ég ávalt verið við góða heilsu.

Síðastl. haust var ég hrædd um að ég mundi fá Jungnabólgu, eins og undanfarin ár, en þá þar þó ekkert á því, og ég var hin hraustasta. Þér getið ímyndast yður hve þakklát ég er Dr. Williams Pink Pills fyrir fennna heilsu og ég mæli með þeim af heilum huz, án þess þó að geta gefið það eins vel og kröftulega eins og vert er.

Kjarnlaust blóð og veiklað taugakerfi eru aðalþesspretturarnar til hinna margrvieldu sjúkdóma, sem þjá fólk, og öllum þeim sem þannig er ástætt fyrir, bjóðum vér Pink Pills með þeirri fullu vissu, að það sé hið eina öryggandi lyf við þesskonar sjúkdómum, ef þær eru brúkaðar réttilega.

Pink Pills eru seldar hjá öllum lyf-sölum og sendar með pósti. Fyrir 50 crs. askjan, eða 6 skjar fyrir \$2.50, frá Dr. Williams Medicine Co., Brockville, Ont., eða Schenectady, N. Y.

Gáid að eftirsteiningum og hrossa-lyfjum, sem sögu eru alveg eins góð.